

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 24. mars 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um eflingu barnamenningar fyrir árin 2024-2028. Þingskjal 1239 – 804. mál. 153. löggjafarþing 2022-2023.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Þóra Jónsdóttir  
Lögfræðingur og verkefnastjóri innlendra verkefna

Berglind Sigmarsdóttir  
Framkvæmdastjóri

## Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um eflingu barnamenningar fyrir árin 2024-2028.

Barnaheill þakka fyrir tækifærið sem þeim er veitt til að gera umsögn um ofangreint mál.

Barnaheill styðja tillöguna heilshugar og hvetja til þess að hún verði samþykkt og aðgerðaáætlun komið í framkvæmd og fjármögnuð á fullnægjandi hátt.

### **Barnasáttmálinn er kennslutæki**

Barnaheill vilja hvetja öll þau sem starfa við menningarfræðslu og listsköpun fyrir og með börnum að nota Barnasáttmálann sem tæki til kennslu og sköpunar og huga sérstaklega vel að því að iðka mannréttindi barna í störfum sínum. Meðal þess sem mikilvægt er að ávarpa alltaf er réttur barna til að vera vernduð gegn hvers kyns ofbeldi og til að fá stuðning þegar og ef þau verða fyrir ofbeldi. Listsköpun og menningarupplifun er án vafa mjög góður vettvangur til fræðslu um vernd barna gegn ofbeldi.

### **Sameiginleg ábyrgð fullorðinna**

Öll sem vinna í umhverfi barna bera sameiginlega ábyrgð á að vernda börn, sem og að valdefla þau með fræðslu og hlustun.

### **Barnasáttmálinn leiðarljós Barnaheilla**

Barnaheill vinna að bættum réttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllum sínum störfum. Samtökin leggja ríka áherslu á vernd barna gegn ofbeldi og rétta þeirra til þátttöku og áhrifa í eigin lífi.